

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með áorðnum
breytingum.

1. gr.

24. tl. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftirgreindar vélar, enda séu þær ætlaðar til notkunar við fiskvinnslu:

Flökunarvélar, flatningsvélar, roðflettingarvélar, slægingar- og hausskurðarvélar, sem falla undir tollskrárnúmer 84.30.15 svo og hakkavélar, marningsvélar, beinskurðarvélar, flokkunarvélar, fiskþvottavélar, mótunarvélar og hrognaskiljur sem falla undir tnr. 84.30.19.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 27. október 1983.

Albert Guðmundsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi,
Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi
fyrir árið 1983.

1. gr.

Upphæð gjalds fyrir hundahald fyrir árið 1983 skal vera kr. 1 500,00 fyrir hvern hund sbr. 2. gr. staflíð b, í samþykkt nr. 337/1983 um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi.

2. gr.

Handtökugjald skv. 3. gr. samþykktar nr. 337/1983 skal vera kr. 2 000,00.

3. gr.

Ofangreind gjaldákvörðun Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurkaupstaðar, Grindavíkurkaupstaðar, Miðneshrepps, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnahrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. október 1983.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.